

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Reykjahlíðar.

1. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi eftirlitsmanns hitaveitu.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir fyrir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins miðast við rúmmál húsa, og eru sem hér segir:

- | | |
|--|---------------|
| a) Fastagjald á ári fyrir hvert hús | kr. 10 841,00 |
| b) Vatnsgjald á ári pr.m ³ húss | kr. 46,91 |
- Þó skal reikna hálf gjald af bifreiða- og vélageymslum og óupphituðu rými í íbúðarhúsum.

Á gjöld þessi leggst söluskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Hús 400—2000 m³:

Fyrir 400 m ³	kr. 154 837,00
og á hvern rúmmetra þar yfir	kr. 133,77
Hús stærri en 2000 m ³ :	kr. 369 463,00
og á hvern rúmmetra þar yfir	kr. 107,12

Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utanmál húsa.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslis hemil umfram einn á sama inntaki er kr. 9 791,00

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 7 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, auk 730,00 kr. í hvert skipti.

6. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar svo sem heypurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunni heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

7. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 124 23. mars 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1988.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Eskifjarðarkaupstað.

I. KAFLI

Gatnagerðargjöld A.

Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að undirbyggja götu með tilheyrandi lögnum.

1. gr.

Af öllum nýbyggingum, svo og stækkun eldri húsa, hvort sem er á eignar- eða leigulóðum í Eskifjarðarkaupstað, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs skv. gjaldskrá þessari.

2. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsinu, skv. útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	1,75%
Raðhús, tvíbýlishús	1,35%
Fjölbýlishús	1,0%
Verslunar-, skrifstofu, þjónustu- og viðskiptahúsnæði	2,0%
Iðnaðarhúsnæði og vörugeymslur	1,0%
Bensín-, olíu- og lýsisgeymar, bræðsluþrær og gripahús	1,0%
Annað húsnæði	1,0%

Rúmmál húss skal reikna frá neðstu grunnplötu. Af kjöllurum, jarðhæðum og rishæðum sem ekki eru notaðar til íbúðar eða atvinnurekstrar skal greiða hálf gjald.

Af bifreiðageymslum skal greiða hálf gjald þeirrar húsagerðar sem á lóðinni er.